

## SAMÞYKKT

### um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

1. gr.

*Gildissvið.*

Samþykkt þessi gildir um meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs, í Hrunamannahreppi.

Um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi fer samkvæmt þessari samþykkt, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og öðrum reglugerðum settum með stoð í framangreindum lögum.

2. gr.

*Markmið.*

Markmið samþykktarinnar er:

- að lágmarka það úrgangsmagn sem fer til förgunar með því að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs,
- að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs,
- að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganginum veldur.

3. gr.

*Skilgreiningar.*

*Aðkomustaður:* Svæði sem söfnunartæki á auðvelt með að komast að til að athafna sig við söfnun úrgangs úr ílátum viðkomandi íbúðarhúsnaðis. Sé aðgengi eða heimreið að íbúðarhúsi ekki aksturshæf færst aðkomustaður söfnunartækis í samræmi við það.

*Annar úrgangur:* Annar úrgangur en sá sem flokkast sem heimilisúrgangur eða rekstrarúrgangur.

*Blátunna:* Ílát, með bláu loki, undir endurvinnanlegan heimilisúrgang, annan en garðaúrgang og timbur. Sveitarfélagið auglýsir sérstaklega hvaða úrgang má setja í blátunnu.

*Brúntunna:* Ílát, með brúnu loki, undir lífrænan heimilisúrgang. Sveitarfélagið auglýsir sérstaklega hvaða úrgang má setja í brúntunnu.

*Grátunna:* Ílát, með gráu loki, undir annan heimilisúrgang en þann sem flokkast í blátunnu eða brúntunnu, þó ekki garðaúrgang eða timbur.

*Grunneining:* Samsetning þriggja íláta: blátunnu, brúntunnu og grátunnu.

*Heimilisúrgangur:* Úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.p.h.

*Húsráðandi:* Eigandi eða umráðandi viðkomandi fasteignar.

*Ílát:* Móttökulát undir úrgang. Ílát til heimilisnota eru í stærðunum 140 l, 240 l, 660 l og 1.100 l. Önnur ílát eru opnir eða lokaðir gámar í stærðum frá 2 m<sup>3</sup> upp í 36 m<sup>3</sup>.

*Landbúnaðarúrgangur:* Úrgangur frá landbúnaði, til dæmis húsdýraskítur, gamalt hey, heyrullu-plast og dýrahrað.

*Meðhöndlun úrgangs:* Söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað.

*Móttökustöð:* Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmi tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla förgunarstaðir.

*Rekstraraðili:* Einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi atvinnurekstri.

*Rekstrarúrgangur:* Úrgangur frá framleiðslu, þjónustu, verslun og öðrum rekstri, annar en heimilisúrgangur.

*Spilliefni:* Úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

**Söfnunarleið:** Vegur sem söfnunartæki ekur til þess að safna úrgangi.

**Söfnunarstöð (gámastöð):** Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar, endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðvar.

**Söfnunartæki:** Ökutæki sem notað er til söfnunar úrgangs úr ílátum.

**Þjónustuaðili:** Einstaklingur eða lögaðili, annar en þjónustuverktaki, sem hefur starfsleyfi til söfnunar og meðhöndlunar úrgangs.

**Þjónustuverktaki:** Einstaklingur eða lögaðili sem sveitarstjórn hefur falið framkvæmd á tilteknum þáttum meðhöndlunar úrgangs.

#### 4. gr.

*Fyrirkomulag sorphirðu.*

Meðhöndlun úrgangs fer fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og er háð eftirliti heilbrigðisnefndar Suðurlands eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á í samræmi við 4. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Söfnun úrgangs frá íbúðarhúsnæði fer fram í samræmi við útgefið sorphirðudagatal, en söfnun frá frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði fer fram að höfðu samráði við eigendur, umráðamenn eða hagsmunasamtök.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd með tilteknum þáttum meðhöndlunar úrgangs. Viðkomandi skal hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

#### 5. gr.

*Skyldur íbúa, húsráðenda, rekstraraðila og landeigenda.*

Íbúum, húsráðendum, rekstraraðilum og landeigendum í sveitarféluginu ber að fara eftir þeim reglum sem sveitarfélagið setur um meðhöndlun úrgangs. Úrgang sem samþykktin nær til má einungis meðhöndla í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins.

Sérhverjum húsráðanda í sveitarféluginu, hvort sem um er að ræða húsráðanda íbúðar-, frístunda-eða atvinnuhúsnæðis, er skylt að endurnota eða flokka og endurnýta úrgang eins og kostur er, hvort sem slíkum úrgangi er safnað við húsnæði samkvæmt 6.-8. gr. eða skilað til söfnunarstöðvar samkvæmt 10. gr.

Setja skal allan úrgang sem safnað er við húsnæði í viðeigandi ílát, sbr. 6.-8. gr. Að öðrum kosti er þjónustuverktaka og þjónustuaðila heimilt að skilja hann eftir.

Flokkaður úrgangur skal meðhöndlaður þannig að hann blandist ekki öðrum úrgangsflokkum. Flokkaðan úrgang skal geyma og meðhöndla þannig að gæði hans við væntanlega endurnýtingu skerðist sem minnst.

Úrgang sem getur fokið skal geyma þannig að hann fjúki ekki.

Meðhöndlun úrgangs má ekki valda lyktaróþægindum, draga til sín meindýr eða skapa hreinlætisvandamál.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum, gangstígum, við sorpgáma eða á opnum svæðum í sveitarféluginu. Sama á við um númerslausar bifreiðar, vélar, báta, kerrur, vinnuvélar, lausamuni og önnur tæki.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílat, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Garðaúrgangi, timbri, spilliefnim, brotajárni, möl, sandi og öðrum grófum úrgangi s.s. úr sér gengnum húsgögnum frá frístundahúsnæði skal skila til söfnunarstöðvar sveitarfélagsins, sbr. 10. gr. Sama á við um annan rekstrarúrgang frá fyrirtækjum og stofnunum. Einnig má semja við þjónustuverktaka um ílát og þjónustu fyrir slíkan úrgang.

#### 6. gr.

*Söfnun úrgangs frá íbúðarhúsnæði.*

Öll íbúðarhús í sveitarféluginu skulu búin grunneiningu ílát, þ.e. blátunnu, brúntunnu og grátunnu, sem sveitarfélagið leggur til. Stærð grunneiningar er 240 l blátunna, 140 l brúntunna og 240 l grátunna. Í þessi ílát má aðeins setja heimilisúrgang, en þó ekki garðaúrgang eða timbur. Óheimilt er að setja spilliefni í ílátin. Sé fyrirséð að ílátin yfirfyllist getur húsráðandi óskað eftir stærri eða fleiri ílátum. Einnig getur hann farið með umframmagn heimilisúrgangs á söfnunarstöð sveitarfélagsins, sbr. 10. gr. Staðsetning ílátina má að hámarki vera 20 m frá aðkomustað söfnunartækis við íbúðarhúsnæði. Húsráðandi skal gæta þess að ílát séu hrein, vel við haldið og að ekki sé hætta á að þau fjúki.

Festingar ílata mega ekki hamla losun þeirra. Gott aðgengi skal vera að ílátunum og skal húsráðandi moka snjó frá þeim ef þörf krefur vegna söfnunar. Auðvelt skal vera að keyra ílátin að söfnunartæki.

Garðaúrgangi, timbri, spilliefnum, brotajární möl, sandi og öðrum grófum úrgangi s.s. úr sér gengnum húsgögnum frá íbúðarhúsnæði skal skila til söfnunarstöðvar sveitarfélagsins, sbr. 10. gr. Einnig má semja við þjónustuverktaka um ílát og þjónustu fyrir slíkan úrgang.

#### 7. gr.

##### *Söfnun úrgangs frá frístundahúsnaði.*

Húsráðanda frístundahúss er ekki skylt að hafa grunneiningu ílata en getur óskað eftir því á eigin kostnað. Samkomulag um slíka grunneiningu skal gert milli húsráðanda frístundahúsnæðis og þjónustuverktaka. Stærð grunneiningar er 240 l blátunna, 140 l brúntunna og 240 l grátunna. Húsráðendum frístundahúsa er skylt að flokka úrgang í samræmi við ákvæði 2. mgr. 5. gr. og er heimilt að sameinast um ílát. Í þessi ílát má aðeins setja heimilisúrgang, en þó ekki garðaúrgang eða timbur. Óheimilt er að setja spilliefni í ílátin. Sé fyrirséð að ílátin yfirfyllist getur húsráðandi óskað eftir stærri eða fleiri ílátum. Einnig getur hann farið með umframmagn heimilisúrgangs á söfnunarstöð sveitarfélagsins, sbr. 10. gr. Húsráðandi frístundahúss sem ekki hefur grunneiningu ílata skal skila heimilisúrgangi til söfnunarstöðvar sveitarfélagsins, sbr. 10. gr.

Staðsetning ílata má að hámarki vera 200 m frá söfnunarleið söfnunartækis. Aðgengi að ílátum skal henta söfnunartækjum og skal húsráðandi gæta þess að ílát séu hrein, vel við haldið og að ekki sé hætta á að þau fjúki. Festingar ílata mega ekki hamla losun þeirra. Gott aðgengi skal vera að ílátunum og skal húsráðandi moka snjó frá þeim ef þörf krefur vegna söfnunar.

Garðaúrgangi, timbri, spilliefnum, brotajární, möl, sandi og öðrum grófum úrgangi, svo sem úr sér gengnum húsgögnum frá frístundahúsnæði, skal skila til söfnunarstöðvar sveitarfélagsins, sbr. 10. gr. Einnig má semja við þjónustuverktaka um ílát og þjónustu fyrir slíkan úrgang.

#### 8. gr.

##### *Söfnun úrgangs frá atvinnuhúsnaði.*

Rekstraraðila er ekki skylt að hafa grunneiningu ílata en getur óskað eftir því á eigin kostnað. Samkomulag um slíka grunneiningu skal gert milli rekstraraðila annars vegar og þjónustuverktaka eða þjónustuaðila hins vegar. Stærð grunneiningar er 240 l blátunna, 140 l brúntunna og 240 l grátunna. Rekstraraðila er skylt að flokka úrgang í samræmi við ákvæði 2. mgr. 5. gr. Í ílátin má aðeins setja heimilisúrgang, en þó ekki garðaúrgang eða timbur. Óheimilt er að setja spilliefni í ílátin. Sé fyrirséð að ílátin yfirfyllist getur rekstraraðili óskað eftir stærri eða fleiri ílátum. Einnig getur hann farið með umframmagn heimilisúrgangs á söfnunarstöð sveitarfélagsins, sbr. 10. gr. Rekstraraðili sem ekki hefur grunneiningu ílata skal skila heimilisúrgangi til söfnunarstöðvar sveitarfélagsins, sbr. 10. gr.

Staðsetning ílata má að hámarki vera 200 m frá söfnunarleið söfnunartækis. Aðgengi að ílátum skal henta söfnunartækjum og skal rekstraraðili gæta þess að ílát séu hrein, vel við haldið og að ekki sé hætta á að þau fjúki. Festingar ílata mega ekki hamla losun þeirra. Gott aðgengi skal vera að ílátunum og moka skal snjó frá þeim ef þörf krefur vegna söfnunar.

Rekstrarúrgangi, garðaúrgangi, timbri, spilliefnum og öðrum úrgangi frá atvinnustarfsemi skal skila til söfnunarstöðvar sveitarfélagsins samkvæmt 10. gr. eða móttökustöðvar. Einnig má semja við þjónustuverktaka eða þjónustuaðila um ílát og þjónustu fyrir slíkan úrgang.

#### 9. gr.

##### *Þjónustuaðilar.*

Sveitarstjórn gerir sérstaka samþykkt um samskipti þjónustuaðila og sveitarfélagsins sem fjallar um verklag og tilhögun valkvæðrar þjónustu.

#### 10. gr.

##### *Móttaka úrgangs á söfnunarstöð.*

Tekið er á móti úrgangi sem fellur til í sveitarfélagini á söfnunarstöð sem staðsett er á gáma-svæðinu á Flúðum. Úrgangur sem skilað er til söfnunarstöðvar skal flokkaður samkvæmt flokkunar-reglum sveitarfélagsins. Spilliefni, svo sem úrgangsþólf, skulu aðskilin frá öðrum úrgangsflokkum og uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

Í gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs, sbr. 11. gr., eru nánar tilgreindir þeir úrgangsflokkar sem tekið er á móti og það gjald sem tekið er fyrir móttöku og meðhöndlun hvers flokks um sig. Slík gjöld skulu innheimt við móttöku annarra úrgangsflokka en almenns heimilisúrgangs sem safnað er af sveitarfélaginu eða þjónustuvektaka. Heimilt er að undanþiggja gjaldskyldu minni háttar magn tiltekins heimilisúrgangs sem komið er með til söfnunarstöðvar. Ávallt skal tekið gjald fyrir allan rekstrarúrgang.

Söfnunarstöð er mönnuð og hefur ákveðinn auglýstan afgreiðslutíma.

#### 11. gr.

##### *Gjaldtaka.*

Sveitarstjórn innheimtir gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarstjórn heimilt samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál.

Gjöldin skulu ákvörðuð og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, sbr. einnig 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei hærri en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs, veitta þjónustu, framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum og tengda starfsemi, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, frístundahús og rekstraraðila sem nýtur þjónustu samkvæmt þessari samþykkt. Heimilt er að miða gjöld við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila samkvæmt mati eða skráningu sveitarfélagsins eða samkomulagi við viðkomandi.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda og skal í gjaldskránni vísað til þessarar samþykktar.

#### 12. gr.

##### *Kvartanir og kærur.*

Kvörtunum vegna meðhöndlunar úrgangs skal komið á framfæri við skrifstofu Hrunamannahrepps eða Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Stjórnvaldsákvvarðanir sem teknar eru á grundvelli þessarar samþykktar eru kæranlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í samræmi við 1. mgr. 67. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

#### 13. gr.

##### *Viðurlög.*

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 67. og 68. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 68. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

#### 14. gr.

##### *Lagastoð og gildistaka.*

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 575/2013 um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 11. október 2019.*

F. h. r.

**Steinunn Elna Eyjólfssdóttir.**

*Marianna Said.*